

# Svæðisráð Sögu Fundargerð

Fundur í Svæðisráði Sögu haldinn á Hótel Hvolsvelli 12. nóv. 2011 kl 12.30

**1. Fundarsetning og kynning.** Að loknum snæðingi á súpu, setti svæðistjóri Ágúst Magnússon fund og bauð fundarmenn velkomna og fór fram kynning á fundarmönnum Mættir: Ágúst Magnússon, svæðisstjóri, Búrfelli, Magnús Benónýsson, Helgafelli, Jóhann Guðmundsson Helgafelli og Gísli Valtýsson, Helgafelli, Jón Óskar Þórhallsson Eldfelli, og Óskar Arason, Eldfelli. Guðjón Pétur Jónsson, Ós. Balldur Þór Baldvinsson, Mosfelli, Jóhannes Brynleifsson Ölver, Hallgrímur Erlendsson, Ölver, og Kári Hafsteinsson Ölver. Jóhann Sveinbjörnsson, Búrfelli, Hilmar Þór Björnsson, Búrfelli og Hjörtur Þórarinnsson svæðisritari Búrfelli.

**2. Fundargerð Svæðisráðs Sögu dags. 24. sept 2011 lesin og samþykkt.**

**3. Skýrsla svæðisstjóra.** Fjallaði hún um stjórnarskipti í klúbbunum í haust og upphaf starfstíma hans. Sjá nánar í skýrslu hans.

**4. Skýrslur klúbbanna.** Þær voru fluttar í þessari röð og þeim dreift til fundarmanna að loknum lestri. Búrfell, Eldfell, Helgasfell, Mosfell, Ós og Ölver

**5. Umræður um starfsemi klúbbanna,** sem kynnt var í skýrslunum. Framkvæmd K-dagsins kom til umræðu og þótti hafa tekist vel en með þeirri undantekningu, að uppgjör ætti að fara fram innan hvers klúbbs, er sendi síðan lokauppgjör, þegar öll innheimta væri afgreidd, og í öðru lagi ætti að hafa sérstakan stafsmanng í viðbragsstöðu til afgreiðslu á mesta álagstíma söludagana. Sjá nánar í skýrslum klúbbanna

**6. Önnur mál. Framkvæmd svæðisráðsfunda.** Svæðisstjóri vakti máls á þeim mikla ferðakostnaði, sem yrði, ef og þegar allir klúbbar sendu fulltrúa á svæðisráðsfundina. Akstur gæti numið allt að 2000 km, eftir því hvar fundirnir væru haldnir. Athugandi væri að koma á fjarfundahaldi. Áhugi var að pófa það en síst af öllu má sleppa því að koma saman á fundi. Því maður er manns gaman. Eftirfarandi tillögu lagði svæðistjóri fram: „**Svæðisráðsfundur Sögu haldinn á Hvolsvelli 12. nóv. 2011 samþykkir að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að annar svæðisráðsfundur hvers starfsárs verði fjarfundur. Það verði prófað að halda næsta fund sem fjarfund og í framhaldi af því ákvörðun tekin um framhald**“. Tillagan samþykkt samhljóða.

**Fjársöfnun vegna stífkrampa.**(Maternal Neonatal Tetanus) Rætt var um kostnað til útrýmingar stífkrampa, sem Kiwanishreyfingin er að beita sér fyrir Þar sem óskað er eftir 2.000, kr framlagi úr styrktarsjóði á hvern félag. Almennt er jákvæð afstaða einstaklinga til málsins, en málið virðist enn vera áljóst hvað markmið snertir en sérstaklega meðferð fjármuna í þessari

fyrirhuguðu söfnun. Auknar álögur til viðbótar við önnur fastagjöld verða að fá gagnrýna umræðu og mega ekki verða til þess að einstaklingar segi skilið við kiwanishreyfinguna.

**Kiwanishreyfingin og framtíð hennar.** Guðjón Pétur Jónsson frá Ós ræddi um atriði frá Umdæmisþinginu á Höfn, ábyrgð klúbbsins og framkvæmdaatriði. Gagnrýnin umræða er nauðsynleg varðandi Kiwanishreyfinguna og hvernig umdæmisstjórn og einstakir klúbbar vinna henni framgang, hver á sínum vettvangi og í samstarfi. Hvers vegna eru einstaklingar í þessu félagstarfi? Hann tilgreindi tvær ástæður, **það á að vera gaman að vinna í þessu og að láta gott af sér leiða** Þá taldi hann að **reglur um fyrirmyndarklúbb** næðu í sumum tilfellum ekki tilgangi sínum, vegna ólíkra aðstæðna hjá einstökum klúbbum. Þá er nauðsynlegt að Umdæmisstjóri hafi möguleika á nánari tengslum við einstaka klúbba. Fjármál hreyfingarinnar verður að endurskoða, eigi þessi starfsemi að haldast. Góður rómur var gerður að þessum atriðum í máli Guðjóns. Í framhaldi af því ræddi Jón Óskar Þórhallsson um „gengdarlausu gjaldtöku Kiwanishreyfingarinnar“ og hvaða áhrif það hefur á nýklúbba. Ástæða væri að veita þeim gjaldfría aðild 3-5 fyrstu árin, einnig saknaði hann þess að ekki var minnst einu orði á Eldfell á hápunkti Umdæmisþingsins á Höfn s.l. haust. Fleiri tóku til máls í þessum umræðum. Þess er vænst að gagnrýnin umræða verði tekin fyrir á svæðisráðstefnum er skili sér síðan inn á fundi Umdæmisstjórnar, hreyfingunni til þroska og heilla.

Gagnrýnina gæfu tel, það gildir um þetta starf.

Eflum Kiwanis vinnum vel. Vilji er allt sem þarf.

Að fundarlokum var tekið upp léttara hjal. Menn komu með frásagnir til gamans og fróðleiks í bundnu og lausu máli. Gaf það fundinum og samkomunni aukið gildi, Maður manns er gaman. Fundarlok kl. 15.30

Svæðisstjóri sýndi okkur í lokin einkennisveldistáknið sitt, sem hann hefði átt að sýna okkur strax í upphafi fundar.

Ágúst var áðan að kveðja

en athugasemd vildi gera.

Hérna er einkennis embættiskeðja,

sem ég átti um hálsinn að bera.

*Hjörtur Þórarínsson, svæðisritari*